

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „3 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 12 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Með lögum frá 1951 er ákveðið, að ríkissjóður láti gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Rífi á Snæfellsnesi. Allmiklu fé hefur verið varið á fjárlögum undanfarin ár til hafnarframkvæmda í Rífi, auk þess sem hafnarstjórnin hefur tekið lán að upphæð 1.5 millj. kr. til að standast kostnað við hafnargerðina. Miðar hafnargerðinni þó of seint, þar eð hún er mjög aðkallandi fyrir útgerðarmenn og sjómenn á Hellissandi, sem barizt hafa þrotlausri baráttu við sjóróðra úr Krossavík undanfarin ár við hin verstu skilyrði, enda hafa bátstapar verið þar tíðir vegna ófullnægjandi hafnarskilyrða. Nokkru fé var varið til hafnarbóta í Krossavík áður fyrr, en ekkert á síðastl. 15 árum, enda talið með öllu ógerlegt að fá þar skilyrði til sjósóknar, sem sjómenn gætu unað við, sérstaklega þegar þess er gætt, að nálægar verstöðvar hafa á þessu tímabili fengið mikilvægar hafnarbætur, sem hafa skapað þeim stórbætt skilyrði til sjósóknar, þótt þar þurfi enn við að bæta.

Óhætt má fullyrða, að margir útgerðarmenn víðs vegar að af landinu hafa löngun til að fá viðlegu fyrir vélbáta sína í Rífhöfn, þegar aðstæður myndast þar til útgerðar, enda er stutt úr Rífhöfn á fengsæl fiskimið.

Vitamálastjóri hefur látið nefndinni í té upplýsingar í bréfi, dags. 4. marz, um þær framkvæmdir, sem unnið hefur verið að í Rífi á undanförunum árum, og hvað hann telur mest aðkallandi að unnið sé að á næstu árum, svo að hægt sé að mynda þar viðunandi skilyrði fyrir vélbáta til sjósóknar. Bréf vitamálastjóra hljóðar svo:

„Formaður sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis hefur óskað eftir, að ég gæfi nefndinni lauslegar upplýsingar um, hvað þegar hefur verið unnið að hafnargerð í Rífi á Snæfellsnesi og hvað mest aðkallandi framkvæmdir til viðbótar mundu kosta. Um fyrra atriðið er þetta að segja:

Byggður hefur verið hafnargarður eða öldubryótur, sem nú er orðinn um 550 m langur. Rífsós hefur verið stíflaður og byrjað að fylla upp lónið fyrir innan fyrirstöðuvegginn. Gerð hefur verið bátabryggja 12 m breið, 50 m löng og tengd við land með ca. 50 m langri uppfyllingu, jafnbreiðri. Dýpi við bryggjuna er nú um 2 m á fjöru, en er ætlað að verða 3 m. Loks hefur verið dýpkuð renna inn með öllum hafnargarði inn að bryggju, og er sú renna nú að mestu leyti um 2 m djúp á fjöru. Sett hafa verið upp 3 ljósdufl til að lýsa innsiglinguna, og verið er að setja upp raflýsingu á bryggju. Vélkrani er á bryggju. Kostnaður hefur orðið alls um 5 millj. kr. Nákvæmt kostnaðarverð liggur ekki fyrir, en verið er að gera upp reikninga síðastl. árs.

Um síðara atriðið vil ég taka þetta fram:

Ég tel vist, að þegar aðstaða er orðin þannig í Rífi, að gera megi út báta þaðan, verði mjög mikil eftirsókn eftir viðlegu þar. Það gerir nálægð staðarins við fiskimiðin og öryggi hafnarinnar, þegar svo langt er komið mannvirkjagerð. Til þess að fullnægja eftirspurn má því gera ráð fyrir stórrí höfn, enda eru skilyrði hin beztu til þess. Sjálfsagt verður að byggja slíka höfn í áföngum.

Það, sem gera þarf strax, er að mínu viti þetta:

1. Það þarf að lengja aðalhafnargarðinn.
2. Það þarf að gera garð að sunnanverðu. Hann getur verið létthyggður.
3. Það þarf að dýpka allstórt svæði, enda eru hin ágætustu skilyrði til þess, þar sem um hreinan sandbotn er að ræða.
4. Það þarf að gera viðlegubryggjur fyrir báta og flutningaskip.

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir, enda ekki enn ákveðið til fulls, hvernig byggt verður.

Ef nefna á á þessu stigi einhverja áætlunartölu um kostnað, mundi ég telja, að fyrir 8—12 milljónir króna mælti framkvæma allmikið af ofangreindum verkum, þannig að góð aðstaða skapaðist til útgerðar á staðnum.“

Til að hraða framkvæmdum þeim, sem vitamálastjóri ræðir um í bréfi sínu, verður ekki hjá því komizt, að hafnarstjórnin fái umráð yfir meira fjármagni, enda brýn nauðsyn, að hægt verði að koma hafnargerðinni það áleiðis, að höfnin verði tekin í notkun sem allra fyrst. Þegar er allmikið fé bundið í hafnarframkvæmdum í Rífi, en það er með öllu óarðbært, þar til skilyrði myndast þar til viðlegu fyrir báta og höfnin og hafnarmannvirki tekin til afnota að öðru leyti.

Af framangreindum ástæðum verður að teljast aðkallandi að breyta ákvæðum 2. gr. laganna frá 1951 á þann veg, að hækkuð verði heimild ríkisstjórnarinnar til lántöku vegna nauðsynlegra hafnarframkvæmda úr 3 millj. kr. í 12 millj. kr., eins og kveðið er á um í 1. gr. þessa frumvarps.